

**Nd.**

**631. Frumvarp til laga**

[216. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

**2. gr.**

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

**3. gr.**

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

**4. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

**5. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1 600 þús.

**6. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka í Danmörku lán að fjárhæð allt að 1 millj. danskra kr. til endurbóta á húsi Jóns Sigurðssonar.

**7. gr.**

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu raforkumála og flugöryggismála.

## 8. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskirteinalánnum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Boranir og rannsóknir á Reykjanesi .....	24.3
Boranir við Námafjall .....	30.4
Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði .....	9.3
Rafmagnsveitur ríkisins .....	42.0
Framkvæmdir á Keldnaholti .....	13.4
Landshafnir .....	5.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	43.5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík) .....	29.6
Reykjanesbraut í Breiðholti .....	2.8
Keflavíkurflugvöllur .....	3.9
Menntaskólinn við Hamrahlíð .....	10.0
Lögreglustöð í Reykjavík .....	7.0
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu .....	3.0

---

Samtals 225.0

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.